



## **Reglur Sveitarfélagsins Vesturbyggðar um skólamáltíðir**

### **1. gr.**

Skólamáltíðir standa öllum grunnskólanemendum, sem stunda nám í 1. – 10. bekk í grunnskóla Vesturbyggðar, til boða í samræmi við ákvæði reglna þessara. Með skólamáltíð er átt við heitan hádegisverð.

### **2. gr.**

Pöntun skólamáltíðar skal gerð með skriflegum hætti á þar til gerðum eyðiblöðum. Við pöntun á skólamáltíðum er nauðsynlegt að tilkynna viðkomandi skóla ef um er að ræða þörf á sérþæði vegna sjúðóms s.s. ofnæmis, sykursýki o.fl. Uppsögn þarf einnig að vera skrifleg og þarf að berast viku fyrir þann mánuð sem uppsögn á að gilda.

### **3. gr.**

Pöntun á skólamáltíð skla gerð af foreldrum / forráðamönnum nemenda í skólabyrjun hver haust og skal vera lokið eigi síðar en viku eftir upphaf skóla að hausti. Hafi foreldrar / forráðamenn ekki pantað skólamáltíð í byrjun skólaárs er heimilt að panta með viku fyrirvara m.v. næstu mánaðarmót.

### **4. gr.**

Uppgjör skólamáltíða fer fram mánaðarlega fyrirfram og fá foreldrar / forráðamenn heimsendan gíróseðil frá sveitarfélaginu. Upplýsingar um verð koma fram í gjaldskrá skólamáltíða, sem er að finna á heimasíðu Vesturbyggðar <http://www.vesturbyggd.is> einnig er hægt að nálgast upplýsingar um verð í viðkomandi skóla.

### **5. gr.**

Hafi greiðsla fyrir skólamáltíð ekki borist á eindaga sendir sveitarfélagið aðvörun og missir þá nemandi rétt sinn til skólamáltíða. Hafi vanskil staðið í einn mánuði frá eindaga að telja fer krafan til innheimtufyrirtækis.

### **6. gr.**

Séu gjöld í vanskilum í upphafi annar fellur pöntun sjálfkrafa úr gildi og nemandi á ekki rétt á skólamáltíð fyrr en krafan hefur verið greidd að fullu.